

Lambahraunsjökklar í norðanverðum Hofsjökli

GUTTORMUR SIGBJARNARSON:

Orkustofnun, Reykjavík

Á árunum 1950—59 mældi Björn Egilsson á Sveinsstöðum fjórum sinnum hop Hofsjökuls á Lambahrauni milli Tvífells og Krókárfells og hlóð þar vörður. Á undanförunum árum hefur verið mikill áhugi fyrir að endurvekja þessar mælingar vegna fyrirhugaðrar Blöndu- og Jökulsárvekkjana og hefur höf. verið skráður fyrir þeim. Það varð þó fyrst þ. 12. ágúst 1981 að ég fór þangað ásamt Freysteini Sigurðssyni og Sigurði G. Tómassyni og við mældum hopið við góð skilyrði. Jökulspordurinn reyndist þá hafa hóp að um 205 m frá síðustu mælingu 1959. Jökullinn hefur hörfað þarna yfir tiltölulega flatt land. Vegna aurs og snjóá frá s. l. vetri var þó erfitt að skilgreina jökuljadarinn með meira en ± 5 m nákvæmni. Lýsing Björns Egilssonar í Jökli (1959) á vörðunum og öðrum aðstæðum stóðst alveg og þar á meðal að vörðan V2 var algerlega hrúin, en honum hafði aðeins ládst að geta þess, hvort mælistaðurinn væri á Lambahrauni austara eða því vestara, svo að við byrjuðum að leita að vörðunum á skökkuhrauni, því austara. Við hlóðum nýja vörðu, V4 200 m nær jöklinum en V1, og var hún nær 1 m að hæð, hlaðin úr hnullingsgrjóti.

Vegna mikilvægis þessa mælistaðar hef ég notað öll tiltæk kort og flugmyndir til að reyna að fylla upp í gloppóttar mælingar. Þrjú kort eru til af mælistaðnum, öll byggð á flugmyndum. Dönsku kortin (1:100 000) eru byggð á flugmyndum frá árinu 1938, amerísku kortin (1:500 000) á myndum frá árinu 1946 og kort Orkustofnunar (1:20 000) á myndum frá árinu 1974. Auk þess eru til flugmyndir frá árinu 1960.

1. mynd sýnir niðurstöður hopmælinga og túlkun mynda og korta fellda saman í eina

mynd. Hana má ekki skoða sem hárnákvæma, því til þess skortir bæði nákvæmari mælingar á staðnum og meiri nákvæmni í kortagerð. Samt álit ég að heildarskekkjan í eftirfarandi töflu sé innan við ± 50 m.

Jökullinn hefur hóp að um alls 615 m frá hámarksútbreiðslu hans fyrir um það bil 100 árum, eða um 6 m/ári að meðaltali. Frá því Björn Egilsson hlóð vörðurnar árið 1950 hefur jökullinn hóp að um 315 m, eða að meðaltali um 10 m/ári. Þó að upplýsingarnar í töflu 1 hafi verið fengnar eftir ýmsum leiðum, virðist gott samræmi í þeim, nema hvað hóp á milli kortanna frá 1938 og 1946 er óeðlilega lítið, þar sem loftslag á þeim tíma gefur síður en svo tilefni til þess að svo sé. Mér þykir trúlegast að því valdi skekkja í kortateikningunni, og þá fremur á eldra kortinu frá 1938, á þann veg að jökuljadarinn hafi legið framur en kortið sýnir (jökuljadarinn er aðeins sýndur með litarmun á jafnhæðarlínum).

Til þess að meta gildi mælistaðarins á Lambahrauni hef ég gert samanburðarkort af um 8 km löngu svæði af norðurjaðri Hofsjökuls og er það sýnt á 2. mynd. Flugmyndir og framanskráð kort voru notuð við gerð hennar. Skýringar á þeim táknum, sem eru á kortinu, eru aðeins númeraðar, svo að hér verður gerð nánari grein fyrir merkingu þeirra.

1. *Hámarksútbreiðsla jökulsins á síðustu öldum.* Það er mjög auðvelt að kortleggja fremstu garðana með mikilli nákvæmni eftir loftmyndum. Ekkert er vitað með vissu um hvenær jökullinn náði þessari útbreiðslu, en bæði með hliðsjón af reynslu frá öðrum jöklum og vegna þess að jökullinn fór ekki að hópá ráði frá þessum gördum fyrr en undir miðja öldina, má álykta sem líklegt að jökullinn hafi